



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

SKRG4BD05

Skrúðgarðabyggingafræði D

Kennari:	Hörður Helgi Hreiðarsson (HHH) hordur.helgi@fsu.is
----------	---

Áfangalýsing:

Nemendur læra að vinna með náttúrugrjót bæði í lagnir og hleðslur, samspil allra helstu verkþátta í skrúðgarðabyggingafræði s.s. hleðslur (úr náttúrugrjóti og steypu efni), hellulagnir, beði, grasflatir, tjarnir og annað sem farið hefur verið yfir í undanförum þessa áfanga.

Undanfari: Skrúðgarðabyggingafræði C

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Notkun náttúrulegs efnis í frágang lóða.
- Uppbyggingu lagna og veggja úr náttúrugrjóti af ýmsum gerðum s.s. hrauni, sjávargrjóti, blágrýti og grágrýti.
- Helstu aðferðum við að vinna náttúrugrjót og velja efni sem hentar í lagnir og/eða hleðslur.
- Samspili helstu þátta í uppbyggingu garða og annarra útisvæða og heildarskipulagningu framkvæmda.
- Framkvæmdum á stórum opnum svæðum og við stærri mannvirki auk götuframkvæmda.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- Velja hentugt náttúrugrjót í hleðslur og lagnir.
- Nota náttúrugrjót s.s. hraun, sjávargrjót, blágrýti og grágrýti bæði í hleðslur og lagnir.
- Framkvæma alla helstu verkþætti svæða sem samanstanda af mörgum mismunandi tegundum verkefna s.s. hleðslu (úr náttúrugrjóti og steypu efni), hellulögn, beði, grasflöt, tjörn eða öðru sem nemendur hafa öðlast færni í að framkvæma í skrúðgarðabyggingafræði.
- Skipuleggja framkvæmdir í stærri verkefnum, stórum lóðum og opnum svæðum auk götuframkvæmda.

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Meta nothæfi náttúrugrjóts í hleðslur og/eða lagnir og vinna efnið frekar með viðeigandi verkfærum sem metið er með verklagi, verkskipulagi og frágang.
- Vinna hleðslur og lagnir úr helstu gerðum náttúrugrjóts s.s. hrauni, sjávargrjóti, blágrýti og grágrýti sem metið er með verklagi, verkskipulagi og frágang.

- Gera sér grein fyrir skipulagningu og samspili allra helstu verkþátta í uppbyggingu garða og annarra útisvæða, með hagkvæmni framkvæmda að leiðarljósi, metið með frágangi, verkskipulagi og rökstuðningi.
- Gera sér grein fyrir umfangi og nauðsynlegu utanumhaldi framkvæmda á stærri svæðum, stórum lóðum, götuframkvæmdum og opnum svæðum sem metið er með frágangi og rökræðum.
- Útskýra og miðla þekkingu sinni á framkvæmdum og umhirðu til að ráðleggja garðeigendum um allt það helsta sem viðkemur framkvæmdum og umhirðu á einkalóð, metið með rökstuðningi og kynningu.

Námsefni: Ljósrit og annað efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Kennari
7. jan	Kynning á áfanganum og helstu verkefnum hans. Eftir það verður útitími þar sem við handveljum hleðslusteina.	HHH
15. jan	Notkun á hrauni í hleðslur	HHH
22. jan	Haldið áfram með hraunhleðslur og hraunflögur	HHH
29. jan	Grásteinsflekar	HHH
4. feb	Oddsteinalagnir og brústeinn	HHH
12. feb	Oddsteinalagnir og brústeinn	HHH
19. feb	Grágrýti	HHH
26. feb	Grágrýti	HHH
5. mars	Fúgun á hleðslum og hleðslur úr söguðu grjóti	HHH
11. mars	Hleðslur og lagnir	HHH
18. mars	Hleðslur og lagnir	HHH
19.mars	Hleðslur og lagnir	HHH

Commented [HH1]: Hleðslur úr hrauni

Commented [HH2]: Lagning og vinnsla á grásteinsflisum

Commented [HH3]: Lagning á nýja og gamla brústeininum

Commented [HH4]: Oddsteinalagnir

Commented [HH5]: Klofning á hleðslugrjóti niður í minni einingar

Commented [HH6]: Hleðslur úr grágrýti

Commented [HH7]: Hleðslur úr söguðum hleðslustein/grásteins hleðslustein og fúgun

Commented [HH8R7]: ÞÞ

Commented [HH9]: Hleðslur úr grágrýti

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Verkefnabók	Verkefnabók með verklýsingum og myndum sem lýsa framkvæmd á notkun mismunandi náttúrugrjóts í hleðslur og lagnir	100%
Samtals		100%

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykir, 7 jan. 2026.